

Landsnet hf.  
Gylfaflöt 9,  
112 REYKJAVÍK

Reykjavík, 26. mars 2021  
Tilvísun: OS2020090002/10.2  
Verknúmer: 4353020

## **Efni: Kerfisáætlun 2020 – 2029**

### **1 Inngangur**

Samkvæmt 2. mgr. 9. gr. b. raforkulaga nr. 65/2003 hefur Orkustofnun það hlutverk að fara yfir og samþykkja kerfisáætlun Landsnets með hliðsjón af markmiðum um öryggi, skilvirkni, áreiðanleika afhendingar, hagkvæmni, gæði raforku og stefnu stjórnvalda um lagningu raflína. Raforkueftirlit Orkustofnunar (ROE) fer með þetta hlutverk, í samræmi við 2. mgr. 24. gr. raforkulaga. Þá hefur ROE eftirlit með framkvæmd kerfisáætlunar og skal meta hvernig henni er fylgt.

ROE fékk kerfisáætlun 2020 – 2029 frá Landsneti til formlegrar meðferðar þann 30. september 2020. (hér eftir vísað til hennar sem „kerfisáætlun“)

Samkvæmt 6. mgr. 9. gr. a. raforkulaga nr. 65/2003 ber flutningsfyrirtækinu að hafa samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga, landshlutasamtök sveitarfélaga og sveitarfélög sem kunna að þurfa að gera breytingar á skipulagsáætlunum sínum vegna kerfisáætlunar sem og aðra hagsmunaaðila (hér eftir nefndir „hagsmunaaðilar“). Nánar er kveðið á um samráðsferli kerfisáætlunar í reglugerð um kerfisáætlun fyrir uppbyggingu flutningskerfis raforku nr. 870/2016. Í 3. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar kemur fram að þegar samráðsferli er lokið skal flutningsfyrirtækið vinna greinargerð um athugasemdir sem bárust á kynningartíma kerfisáætlunar sem skal innihalda svör flutningsfyrirtækisins við athugasemdum og rökstuðning þess fyrir endanlegri kerfisáætlun. Greinargerðin er hluti af kerfisáætlun og skal vera framsett sem fylgiskjal framlagðar kerfisáætlunar.

Greinargerð Landsnets um athugasemdir hagsmunaaðila ásamt svörum við athugasemdunum fylgdu með framlagðri kerfisáætlun.

Í samræmi við 3. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 870/2016 um kerfisáætlun fyrir uppbyggingu flutningskerfis raforku kynnti ROE kerfisáætlunina í Lögbirtingablaðinu og birtist hún 6. september 2019.

Samkvæmt 2. mgr. 9. gr. b. raforkulaga nr. 65/2003 skal Orkustofnun við yfirferð kerfisáætlunar hafa samráð við alla núverandi og væntanlega viðskiptavinum flutningsfyrirtækisins, í samræmi við 2. mgr. 8. gr. raforkulaga, í opnu og gagnsæju samráðsferli og gæta þess að tekið sé tillit til þess sem þar kemur fram. Að samráðsferli loknu ber Orkustofnun að birta niðurstöður þess.

ROE sendi öllum viðskiptavinum Landsnets (dreifiveitum, stórnotendum, framleiðendum og aðilum með leyfi til sölu raforku) kerfisáætlunina til umsagnar þann 15. október 2020.

ROE hafa borist athugasemdir frá þessum, núverandi og væntanlegum viðskiptavinum flutningsfyrirtækisins: Landsvirkjun, Norðurál, Orku Náttúrunnar, RARIK, Orkubúi Vestfjarða, HS

Orku og EM Orku. Einnig bárust ROE umsögn Landsnets við athugasemdunum ásamt uppfærðri kerfisáætlun.

Umsögn flutningsfyrirtækisins var send viðskiptavinum og væntanlegum viðskiptavinum flutningsfyrirtækisins með tölvupósti þann 11.12.2020 og þeim gefið færi á að koma á framfæri athugasemdum fyrir 6. janúar 2021. ROE bárust athugasemdir frá Norðuráli og Orku náttúrunnar.

Við yfirferð ROE á athugasemdum hagsmunaaðila og viðskiptavina Landsnets, sem og svör Landsnets við þeim er litið til markmiða í 9. gr. b raforkulaga um öryggi, skilvirkni, áreiðanleika afhendingar, hagkvæmni, gæði raforku og stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku. Þannig fjallar ROE t.d. ekki um athugasemdir sem lúta að eignarhaldi Landsnets, umhverfismati né skipulagi sveitarfélaga.

Ef Landsnet svarar að mati ROE athugasemd með fullnægjandi hætti eða ekki er þörf á svari, er ekki fjallað um viðkomandi athugasemdir hér nema í undantekningartilvikum.

ROE birtir í þessu bréfi niðurstöður samráðsferilsins sem fram fór við meðferð og yfirferð stofnunarinnar á kerfisáætluninni. Stofnunin tekur til þær athugasemdir sem hún telur að falli með beinum hætti undir lögbundið hlutverk sitt að fara yfir og hafa nokkra þýðingu við yfirferð kerfisáætlunar.

Við yfirferð kerfisáætlunar hefur ROE lagt sjálfstætt mat á kerfisáætlunina og eftir atvikum óskað eftir skýringum sem stofnunin taldi nauðsynlegt að lægju fyrir áður en unnt var að taka ákvörðun um samþykkt eða synjun kerfisáætlunar. Þetta gerði ROE með því að óska sérstaklega eftir upplýsingum um ákveðna þætti kerfisáætlunar skriflega og/eða munnlega á fundum sem haldnir voru með Landsneti.

Með bréfi ROE, dags. 23. desember 2020, bárust Landsneti fyrstu athugasemdir ROE við framlagða kerfisáætlun fyrir tímabilið 2020-2029. ROE bauð fyrirtækinu að skýra kerfisáætlunina, gera viðeigandi breytingar á henni og eftir atvikum að koma á framfæri andmælum vegna athugasemda ROE. Svar við bréfinu barst frá Landsneti 13. janúar 2021. Að mati ROE þurfti að skýra nokkra þætti í kerfisáætlun Landsnets frekar og af því tilefni sendi ROE Landsneti framhaldsfyrirspurn þann 29. janúar 2021. ROE barst svar frá Landsneti 10. febrúar 2021. ROE óskaði svo enn á ný eftir frekari skýringum á kerfisáætluninni með tölvupósti 12. febrúar 2021 sem fyrirtækið svaraði með tölvupósti þann 15. febrúar 2021.

Með bréfi sínu dags. 15. febrúar 2021 fór ROE fram á að Landsnet breyti kerfisáætlun 2020-2021 svo að hægt yrði að samþykkja hana í samræmi við skilyrði raforkulaga og reglugerðar nr. 870/2016 um kerfisáætlun. Í bréfinu eru forsendur og rökstuðningur fyrir kröfunni settur fram. Þess er krafist að fullnægjandi fyrirvarar verði settir við framkvæmdina Hvalfjörður – Hrutafjörður. Landsnet (LN) varð við þeirri kröfu og lagði fram uppfærða framkvæmdaáætlun til ROE þann 5. mars 2021.

## 2 Athugasemdir hagsmunaaðila, viðskiptavina og væntanlegra viðskiptavina um framkvæmdaáætlun kerfisáætlunar

Hagsmunaaðili leggur til hringtengingu Laxárvirkjun við Blöndustöð en hann hafi orðið fyrir verulegu tjóni í aftakaveðri í desember 2019.

Viðbrögð LN: Fyrirtækið tekur undir með hagsmunaaðila að nauðsynlegt sé að leita allra hagkvæmra leiða við að tryggja rekstraröryggi og er það meðal annars ein af forsendum kerfisgreininga sem framkvæmdar eru í aðdraganda áætlanagerðar.

ROE tekur undir með hagsmunaaðila og Landsneti og leggur til að niðurstöður kerfisgreininga um þörf á að tryggja betur rekstaröryggi komi fram í næstu kerfisáætlun.

Viðskiptavinur segist undrandi á að miðað við framfarir í þróun norður af Hrutatungu skuli ekki ná lengra. Styrking línunnar norður af Hrutatungu sé þörf, bæði í þágu stöðugleika fyrir raforkuöryggi á Vestfjörðum og til að bera flutning frá komandi vindorkuframleiðslu. Með því að spanna ekki alla vegalengdina að tengivirki í Hrutatunga eða jafnvel norðar, skilur Landsnet eftir flöskuháls fyrir framleiðslu á Vestfjörðum sem þurfa að huga að á næstunni.

Viðbrögð LN: Framlagður aðalvalkostur í verkefninu miðast við þær forsendur sem fyrirleggjandi voru við gerð kerfisáætlunar. Nýtt tengivirki á Holtavörðuheidi er einungis 6 km. suður af núverandi tengivirki í Hrutatungu og er ætlað að vera tengistaður nýrrar kynslóðar byggðalínu og hentar staðsetningin einnig vel fyrir nýja 220 kV línulögn í norður, sem viðskiptavinur nefnir í sinni umsögn. Sá valkostur að leggja línuna strax lengra í norður var einnig skoðaður í valkostagreiningu og er hann umtalsvert dýrari en aðalvalkostur og þótti ekki tímabært að leggja hann til að svo stöddu. Landsnet segist muni halda áfram að fylgjast með þróun áætlana vindorkuframleiðanda á svæðinu og ef umfang þeirra verður meira en 132 kV línulögn ræður við verður brugðist við því á viðeigandi hátt.

ROE gerir ekki athugasemdir við svör Landsnets og tekur undir að nauðsynlegt er að meiri víska fáiast um þróun vindorkuverkefna á vesturlandi áður en fastráðið er að ráðast í umfangsmiklar framkvæmdir.

Viðskiptavinur telur Landsnet standa frammi fyrir ærnu verkefni, ef litið er til verkefna sem tilkynnt hafa verið til verkefnisstjórnar rammaáætlunar. Þar koma fram mýmörg vindorkuverkefni auk hefðbundinna virkjunarkosta. Að auki þarf Landsnet að afla upplýsinga um áform um fyrirhugaðar smávirkjanir þar sem stærð virkjananna eru undir þeim mörkum sem tilkynningarskylda rammaáætlunar kveður á um, þ.e. minni en 10 MW. Hin síðari ár hefur verið aukinn áhugi á litlum vatnaflsvirkjunum og eru nokkrar þeirra á undirbúningsstigi eða komnar í framkvæmd eða rekstur. Þessar virkjanir hafa að mati viðskiptavinar yfirleitt jákvæð áhrif á staðbundin afhendingargæði og geta áhrif þeirra mælst í flutningskerfi Landsnets.

Viðbrögð LN: Landsnet tekur fram að áhugi á vindorku fer vaxandi og mun setja öðruvísi kröfur á flutningskerfið en fyrirtækið eigi að venjast. Tekið er einnig undir að smærri virkjanir gagnast oft mjög vel í svæðisbundnum flutningskerfum til þess að auka öryggi afhendingar og eins til að auka mögulega afhendingargetu. Í landshlutagreiningum sé reynt að setja inn líkön af þeim vinnslukostum sem fyrirtækinu sé kunnugt um og reynt sé að sjá fyrir áhrifin af uppsetningu þeirra.

ROE tekur undir að smærri virkjanir gagnast oft mjög vel í svæðisbundnum flutningskerfum til þess að auka öryggi afhendingar og eins til að auka mögulega afhendingargetu og telur jákvætt að LN taki tillit til smávirkjana við þarfagreiningar á uppbyggingu í svæðisbundnu flutningskerfunum svo sem með tilliti til raforkuöryggis.

Viðskiptavinur kemur á framfæri í athugasemdum sínum að hann og Landsnet hafa unnið að gerð tengisamnings fyrir Hvalárvirkjun og er kappkostað að ljúka gerð hans sem fyrst, en áætlað er að virkjunin tengist flutningskerfinu á nýjum tengistað við innanvert Ísafjarðardjúp. Eigi fyrirtækin að ýmsu leyti samleið í skipulagsmálum og umhverfissrannsóknum og verður unnið að þeim málum á næstu mánuðum. Endanleg tímasetning framkvæmda við Hvalárvirkjun er ekki fastsett en stöðugt er unnið að rannsóknum á vatnasviði virkjunar með það að markmiði að bæta gæði upplýsinga sem þarf við ákvörðun um að ráðast í byggingu virkjunarinnar.

Viðbrögð LN: Tímasetning framkvæmda við uppsetningu á nýjum afhendingarstað við Ísafjarðardjúp er háð fyrirvörum um framkvæmdir við orkuvinnslukosta á svæðinu. Landsnet mun því fylgjast með áformum og framgangi þeirra, m.a. við Hvalárvirkjun áfram.

ROE tekur undir með Landsneti og bendir á samskipti ROE og Landsnets um framkvæmdina í fylgiskjölum þessa bréfs.

Viðskiptavinur gerir athugasemd við að í kerfisáætlun skuli ekkert koma fram um frekari aðgerðir til að bæta rekstraröryggi á því svæði sem Kópaskerslína 1 þjónar og benda á aðgerðaráætlun stjórnvalda í orkuskiptum og að á Þórshöfn er fiskimjölsverksmiðja sem ekki getur skipt úr olíu yfir í rafmagn við núverandi aðstæður. Mikilvægt er að framtíðaruppbygging raforkukerfisins á norðaustur horni landsins sé skoðuð heildstætt og þar m.a. horft til nefndar sem skipuð var til að fjalla um það málefni.

Viðbrögð LN: Styrking Kópaskerslínu er á framkvæmdaáætlun. Ástæða þess að ekki er lýsing á verkefninu í áætluninni er sú að ekki er búið að skilgreina hvernig þeirri styrkingu er best háttáð. Eins og kemur fram í umsögn RARIK eru nokkrir valkostir mögulegir. Nýlega hófst vinna við landshlutagreiningu fyrir NA-land og er eitt af skilgreindum markmiðum með greiningunni að ákvarða hvaða leið sé best fallin til að styrkja Kópaskerslínu, hvort sem það verður með jarðstrengslögn, nýju tengivirki við Höfuðreiðarmúla eða tengingu til Þeistareykja. Lýsing á verkefninu með skilgreindum aðalvalkosti verður lögð fram í næstu kerfisáætlun. Þá kemur fram í viðbrögðum Landsnets að tenging til Þórshafnar og aukningu á flutningsgetu Kópaskerslínu er ekki á núverandi áætlunum Landsnets. Breyting á því kæmi eingöngu til ef umfangsmikil aukning notkunar kæmi til á svæðinu, sem leiddi til þess að bregðast þyrfti við kröfum um aukna flutningsgetu. Einnig sé rétt að minna á stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfisins, þ.e. þann hluta sem snýr að afhendingaröryggi, en í áðurnefndri landshlutagreiningu verður einnig skoðað hvernig mögulegt er að bregðast við kröfu um N-1 öryggi í svæðisbundnu flutningskerfunum eigi síðar en árið 2040.

Viðskiptavinur bendir á að Snæfellsnesið sé allt í heild sinni án N-1 tengingar og eina línan sé í döpru ástandi. Viðskiptavinur telur að til að tryggja ásætlanlegt rekstraröryggi á Snæfellsnesi er þörf á annarri tengingu frá meginflutningskerfinu og ekki komi annað til greina en að ráðist verði í frekari framkvæmdir á allra næstu árum. Mikilvægt er að þær úrbætur sem til skoðunar eru í kerfisáætlun komist sem fyrst inn í áætlun um framkvæmdaverk.

Viðbrögð LN: N-1 tenging Snæfellsness við meginflutningskerfið er ekki á framkvæmdaáætlun en er á 10 ára áætlun, eftir sé að skilgreina verkefni sem best uppfyllir það markmið.

ROE tekur undir með viðskiptavinum og Landsneti og óskar eftir að í næstu kerfisáætlun verði gerð grein fyrir þeim möguleikum sem koma til greina til að tryggja viðunandi afhendingaröryggi á Snæfellsnesi og NA-landi.

Viðskiptavinur gerir athugasemdir við þá lausn sem fram kemur í áætlun um framkvæmdaverk á árinu 2021 um tengingu Húsavíkur. Samkvæmt kerfisáætlun felst verkefnið í færslu á afhendingarstað Landsnets frá núverandi tengivirki á Húsavík yfir í nýtt tengivirki Landsnets að Bakka og að afhenda raforku til Húsavíkur þar á 11 kV spennu.

Athugasemd 1: Afhendingarstaður Landsnets til RARIK er núna í núverandi aðveitustöð við Reykjaheiðarveg ofan Húsavíkur og viðskiptavinur hafnar með öllu færslu afhendingarstaðar þaðan að Bakka, en dreifikerfið á Húsavík er allt hannað með tilliti til þeirrar staðsetningar. Framtíðar uppbygging á Húsavík er sunnan núverandi byggðar og frá Húsavíkur stöðinni liggja tengingar suður í Reykjahverfi. Ef Landsnet hyggst taka raforku frá Bakka til Húsavíkur væri að mati viðskiptavinar eðlilegast að Landsnet legði 33 eða 66 kV jarðstreng frá Bakka að núverandi afhendingarstað í aðveitustöð við Reykjaheiðarveg.

Athugasemd 2: Afhending að Bakka er ekki með N-1 afhendingaröryggi þannig að ekki fengist N-1 afhending fyrir Húsavík, þótt Landsnet legði tvöfalda tengingu frá Bakka að núverandi afhendingarstað. Viðskiptavinur gerir þá kröfu að ný afhending til RARIK á Húsavík sé með N-1 afhendingaröryggi þ.e. virk tvöföld tenging þannig að einn hlekkur geti fallið út án þess að það hafi áhrif á viðskiptavini. Ekki er hægt að líta svo á að 70 ára gömul lína frá Laxá til Húsavíkur sé til frambúðar önnur tengingin til Húsavíkur.

Athugasemd 3: Eins og áður hefur verið bent á, engin vissa fyrir því að afhendingargæði frá 11 kV vafi á 220/33/11 kV spennum á Bakka séu í samræmi við kröfur um afhendingargæði til almennra notenda, enda kemur fram í kerfisáætlun að „Spennusveiflur gætu haft áhrif á spennugæði á Húsavík“. Viðskiptavinur telur því að án verulegra mótvægisáðgerða sé ekki ásættanlegt að áforma afhendingu til Húsavíkur í gegnum sama spennu og stórnotandi með mjög sveiflukennt álag.

Viðbrögð LN: Landsnet er sammála því að tenging sú sem sett er fram á framkvæmdaáætlun um tengingu Húsavíkur við Bakka uppfyllir ekki þær kröfur til spennugæða sem settar eru fram í netmálum þegar kísilverksmiðja á Bakka er í rekstri. Nú er að hefjast landshlutagreining fyrir Norðausturland þar sem fyrirtækið mun meðal annars taka fyrir fæðingu Húsavíkur og endurskoða þá möguleika sem eru til staðar til að tryggja örugga tengingu Húsavíkur til frambúðar.

ROE óskar eftir að í næstu kerfisáætlun verði gerð grein fyrir endurskoðun þeirra möguleika sem eru til staðar til að tryggja örugga tengingu Húsavíkur til frambúðar.

Tveir hagsmunaðilar telja að hagrænt mat á umhverfiskostnaði vegna framkvæmdarinnar Suðurnesjalína 2 sé ófullnægjandi. Eftir atvikum benda þeir á eftirfarandi efnisatriði. Í fyrsta lagi er bent á að Skipulagsstofnun telji „ekki nægilegt að horfa eingöngu til kostnaðarmunar milli ólíkra útfærslna á lagningu línunnar“ þótt að skilyrðin sem stofnun tekur til „eigi í dag strangt til tekið ekki við á framkvæmdasvæði Suðurnesjalínu 2 nema að takmörkuðu leyti“. Í öðru lagi er tekið til þess að í

kerfisáætlun sé ekki tekin til skoðunar umhverfislegur kostnaður framkvæmda. Í þriðja lagi er tekið til þess til þess að beiting varúðarreglu um byggir á að ákvarðanir um náttúruna skuli teknar á grundvelli vísindalegrar þekkingar og skortur á henni sé ekki rök til að koma í veg fyrir náttúruspjöll. Þannig geti Landsnet ekki beitt undanslætti með þeim rökum að útreikningar á umhverfislegum kostnaði vegna framkvæmda sé erfiður eða almennt ekki gerður við mat á viðlíka framkvæmdum. Í fjórða lagi er gerð athugasemd við að við mat á þjóðhagslegri hagkvæmni sé ekki tekið tillit til náttúrugæða og valréttar þeim tengdum.

Viðbrögð LN: Landsnet gerir í svari sínu grein fyrir tilraunaverkefni sem unnið var með Hagfræðistofnun Háskóla Íslands við að meta umhverfiskostnað mismunandi valkosta við Hólasandslínu 3. Niðurstaðan af þessu verkefni hafi leitt í ljós að takmarkaður greiðsluvilji almennings hafi verið til staðar til að minnka sjónræn áhrif þó að niðurstöðuna sé ekki hægt að yfirfæra á aðrar framkvæmdir með beinum hætti. Enn fremur bendir fyrirtækið á mat á umhverfiskostnaði einstakra framkvæmda sé ekki lögbundin. Að mati Landsnets eiga viðmið varúðarreglunnar ekki við um byggingu flutningslína þar sem þær hafi ekki í för með sér verulegt tjón á náttúrunni svo sem í formi breytinga á vistkerfum eða ógnar við tegundir á valista. Landsnet gerir grein fyrir því að aðalvalkostur Suðurnesjalína 2 þ.e. loftlína raski óafturkræft um 12,5 ha. af landi en jarðstrengsvalkostirnir tveir rúmlega 22 ha. og hins vegar um 33 ha. af landi, þó að tekið sé fram að „sá kostur sem Landsnet leggur fram sem aðalvalkost, hefur í heild neikvæðari umhverfisáhrif en jarðstrengsvalkostir.“ Landsnet bendir að lokum á í svari sínu um þessi efni að ákvörðun um aðalvalkosti eru byggðir á fjölþættum markmiðum raforkulaga þar sem fjárhagslegir þættir, umhverfisþættir og öryggis- og gæðaðættir eru metnir en í því mati er minnt á að umhverfisþættir eru ekki metnir með fjárhagslegum viðmiðunum líkt og áður hefur komið fram.

Að mati ROE eru svör Landsnets fullnægjandi en ROE gerir ábendingar við viðbrögðin sjá nánar í kaflanum „Umsögn og mat á kerfisáætlun 2021-2029“.

Viðskiptavinur kallar eftir því að gerð sé grein fyrir því til hvaða verkefna er stofnað til vegna efnahagssamdráttar í framkvæmdaáætlun kerfisáætlunar og að skýrar sé sett fram í því samhengi forsendur einstakra fjárfestinga og áhrif þeirra á flutningsgjaldskrá

Viðbrögð LN: Landsnet svarar því til að skoðað verði hvernig megi bæta framsetningu upplýsinga um forsendur og áhrif fjárfestinga á gjaldskrá en að öðru leyti er bent á „upplýsingasíðu hins opinbera“ til að sjá hvaða fjárfestinga er stofnað til vegna samdráttar í efnahagskerfinu.

Að mati ROE er svar Landsnets ófullnægjandi, sjá nánar í kaflanum „Umsögn og mat á kerfisáætlun 2021-2029“.

Hagsmunaaðili lýsir vonbrigðum yfir að VM-4 sé ekki á framkvæmdaáætlun.

Viðbrögð LN: Landsnet útskýrir í viðbrögðum sínum að fyrsti áfangi sé lagning Rimakotslínu 2, en tvöföldun til Eyja muni fylgja í kjölfarið fljótlega.

ROE bendir á að VM4 er hvorki í framkvæmdaáætlun né 10 ára áætlun langtímaáætlunar og óskar eftir að fyrirtækið geri grein fyrir þarfagreiningu og tímaáætlun verkefnisins í næstu kerfisáætlun.



Viðskiptavinur leggur til að flýta framkvæmdum við Breiðadal vegna truflana síðastliðinn vetur.

Viðbrögð LN: Landsnet bregst við og flýtir framkvæmdinni um tvö ár þar sem búnaður tengivirkisins sé illa farinn.

ROE tekur undir athugasemdina og viðbrögð Landsnets og samþykkir flýtinguna, enda sé brýn þörf á endurnýjun tengivirkisins.

Viðskiptavinir benda á að valkostagreining framkvæmdaáætlunar gefi vindorkukostum sem ekki eru komnir langt í leyfisveitingarferlinu of mikið vægi og það vægi byggi eingöngu á „Fyrirspurnum frá aðilum“ við gerð síðustu kerfisáætlunar.

Viðbrögð LN: Landsnet lýsir því að með því að flýta byggingu nýrrar línu frá Hvalfirði til Hrutafjarðar sé verið að færa sig í „átt“ að valkostum B.1 og B.2 sem komi til af miklum áhuga á framleiðslu á raforku á Vesturlandi. Áhrif framkvæmda á kostnað séu sýnd í gegnum upplýsingar sem koma fram í gegnum kerfisáætlun og „ógerningur“ sé að sýna áhrifin af hverri framkvæmd og í raun sé umræða um arðsemina ekki umfjöllun kerfisáætlunar.

ROE gerir athugasemdir við svör Landsnets við þessari athugasemd, sjá nánar í kaflanum „Umsögn og mat á kerfisáætlun 2021-2029“.

Hagsmunaaðili/viðskiptavinur gagnrýnir að raforkuspá byggi einungis á áætlaðri raforkuspá án framboðs, að Landsnet sé sett í þá erfiðu stöðu að áætla upp á sitt einsdæmi hvar og hversu mikil raforkuframleiðsla verður til að mæta væntri eftirspurn og leggur hagsmunaaðili til að Orkustofnun sinni því hlutverki og raforkuhópi verði framvegis falið að útbúa framboðsspá sem taki tillit til stefnu stjórnvalda og markaðsaðstæðna.

Viðbrögð LN: Í svari Landsnets kemur fram að slíkum upplýsingum sé best komið á framfæri við raforkuhóp Orkusparnefndar. Ekki sé æskilegt að Landsnet útbúi eigin útgáfu af spánni.

ROE tekur undir svar Landsnets og bendir hagsmunaaðilum á að raforkuspá er einungis eftirspurnarspá.

Viðskiptavinur telur sviðsmyndir raforkuspár óraunhæfar, með þeim fæst fram röng niðurstaða um styrkingarþörf flutningskerfisins. Enn fremur tekur hann fram að í umsögnum sínum hefur ítrekað verið óskað eftir því að sviðsmyndir séu endurmetnar og uppfærðar. Samkeppnishæfni Íslands sé í húfi og því þarf að endurskoða forsendur sem fyrst til að hægt sé að leggja fram raunhæfar framtíðarspár. Þá leggur viðskiptavinur til að mönnun raforkuhóps Orkusparnefndar sé endurskoðuð.

Hagsmunaaðili telur að raforkuspá sé ónothæf sem forsenda í kerfisáætlun m.a. þar sem hún gerir ráð fyrir meiri uppbyggingu á stóriðju en raunhæft getur talist.

Viðskiptavinur leggur til að sett sé fram ný sviðsmynd um minnkandi notkun raforku.

Viðbrögð LN: Landsnet telur að raforkuspá og sviðsmyndir um raforkunotkun frá raforkuhópi Orkusparnefndar séu bestu fánlegu grunnforsendur fyrir hönnun flutningskerfisins til framtíðar.

ROE bendir á að við tímasetningar einstakra framkvæmda í framkvæmdaáætlun kerfisáætlunar eigi að nota grunnraforkuspá, en ekki sviðsmyndir. Sviðsmyndir sem gerðar hafa verið á vegum

raforkuspárhóps gegna einungis því hlutverki að skoða áhrif mögulegrar þróunar eftirspurnar í framtíðinni á uppbyggingu flutningskerfisins. ROE bendir á að þannig sé t.d. notkun sviðsmyndarinnar „Aukin stórnotkun“ er ekki forsenda til að tímasetja framkvæmdir á framkvæmdaáætlun frekar en t.d. sviðsmyndin „Hægar framfarir“ .

ROE bendir á að Orkustofnun og Landsnet hafa samvinnu við gerð orkuspáa, en í 6. gr. reglugerðar um Orkustofnun kemur fram að gerð orkuspáa er eitt af helstu verkefnum Orkustofnunar í orkumálum. Í 3. málsgrein 9. gr. raforkulaga nr. 2003/65 um skyldur flutningsfyrirtækisins kemur fram að flutningsfyrirtækið skuli sjá til þess að fyrir liggja spá um raforkuþörf og áætlun um uppbyggingu flutningskerfisins.

ROE bendir á að ekki sé rétt hjá hagsmunaaðila að raforkuspá geri ráð fyrir meiri uppbyggingu á stóriðju en raunhæft getur talist, þar sem raforkuspá gerir einungis ráð fyrir stórnotkun samkvæmt þegar gerðum samningum.

ROE mun koma tillögu að nýrri sviðsmynd áfram til raforkuspárhóps.

Viðskiptavinur telur æskilegt að í kerfisáætlun komi fram afhendingargeta einstakra svæða eftir 3ja ára uppbyggingu og heildstæð áætlun um framkvæmdir næstu 10 árin á viðkomandi svæðum.

Viðbrögð LN: Að birta myndir fyrir afhendingargetu fyrir hvert ár fram í tímann er ekki gagnlegt þar sem breytingar á tímaröð verkefna á framkvæmdatíma eru afar algengar og geta breytt þessum upplýsingum mikið. Landsnet mun taka til athugunar að útbúa slíka mynd sem sýnir stöðuna að loknum þeim framkvæmdum sem lagðar eru fram í framkvæmdaráætlun hverju sinni, eftir því sem mögulegt er.

ROE tekur undir með viðskiptavini að þetta væru gagnlegar upplýsingar og myndu styðja við upplýsingar um markmið framkvæmda og leggur til að Landsnet birti þessar upplýsingar í næstu kerfisáætlun.

Hagsmunaaðili telur sig búa við „skakka stöðu“ þar sem hann búi við skerðingarheimildir án afsláttar af gjaldskrá.

Viðbrögð LN: Fram kemur í viðbrögðum Landsnets að fyrirtækið telur að ef skerðingarheimildirnar væru ekki til staðar, þyrfti sterkara flutningskerfi sem myndi leiða til hærri gjaldskrár.

Að mati ROE er svar Landsnets ófullnægjandi, sjá nánar í kaflanum „Umsögn og mat á kerfisáætlun 2021-2029“.

Hagsmunaaðilar gera athugasemdir við að Landsnet hafi ekki haft samráð við þá í samráðsferli kerfisáætlunar.

Viðbrögð LN: Landsnet tekur undir að of lítið samráð hafi verið haft við hagsmunaaðila í ár.

Hagsmunaaðili telur að upplýsa þurfi lagalega stöðu hagsmunaráðs Landsnets gagnvart kerfisáætlun.

Viðbrögð LN: Hagsmunaráð hefur engar lagalegar skyldur gagnvart kerfisáætlun, það er ráðgefandi fyrir Landsnet.



Viðskiptavinur telur gæta misskilnings virðist um tilurð og tilgang hagsmunaráðs Landsnets. Í verkefnis- og matslýsingu kerfisáætlunar 2020-2029 kemur eftirfarandi fram (bls. 20). „Landsnet hefur stofnað hagsmunaráð með fulltrúum helstu hagaðila. Ráðinu er ætlað að stuðla að auknu samráði, auknum gagnkvæmum skilningi, leita til nýrra lausna og aukinnar sáttar um framtíð flutningskerfis raforku.“ Í kafla 4.1. í langtímaáætlun kerfisáætlunar er fjallað um sjónarmið hagsmunaráðs í framtíðarsýn orkumála og í kaflanum er farið yfir fjögur atriði sem ráðið fjallaði um með þar til gerðri PESTLE greiningu. Einnig er rétt að benda á kafla 4.6. í sömu skýrslu „Mat hagsmunaráðs Landsnets á valkostum“. Misskilnings virðist gæta með hlutverk hagsmunaráðs sem er nákvæmlega skilgreint í verkefnis- og matslýsingu kerfisáætlunar. Viðskiptavinur á fulltrúa í umræddu hagsmunaráði sem náði t.d. ekki að klára umrædda PESTLE greiningu á fundi sínum, heldur hefur hún ratað í drögin ókláruð. Að mati viðskiptavinar voru þátttakendur ekki látnir vita af því að þessi vinna kynni að rata inn kerfisáætlun. Ef svo væri, og hefði legið fyrir í fundarboðum að hagsmunaaðilar gætu með þátttöku sinni haft áhrif á kerfisáætlun, hefði mönnun fundanna ef til vill verið önnur og betri. Hlutverk og sýn fulltrúa hagsmunaráðs á ekki erindi í kerfisáætlun nema mögulega sem viðaukar. Hlutverk Orkustofnunar sé hins vegar að yfirfara kerfisáætlun í samræmi við lög.

Viðbrögð LN: Farið verður yfir málið og með hvaða hætti gögnum úr hagsmunaráði sé best fyrirkommið í kerfisáætlun í framtíðinni. Þar sem ekki náðist að fullklára PESTLE greiningu á vinnustofu hagsmunaráðs síðasta vetur, hefur verið ákveðið að færa niðurstöðu PESTLE greiningar í viðauka með kerfisáætlun.

ROE: Samkvæmt raforkulögum skal Landsnet hafa samráð við hagsmunaaðila. ROE bendir þó á að fyrirtækið getur ekki tekið ákvarðanir er byggja á óskum hagsmunaaðila, séu þær ekki rökstuddar með greiningum sem tryggja að fyrirtækið uppfylli lagalegar skyldur sínar sem taldar eru upp í raforkulögum og reglugerð um kerfisáætlun.

### **3 Athugasemdir hagsmunaaðila, viðskiptavina og væntanlegra viðskiptavina um langtímaáætlun kerfisáætlunar og viðbrögð Landsnets við þeim.**

Hagsmunaaðili spyr hvers vegna Landsnet heldur sig enn við línulagnir á miðhálandinu þrátt fyrir að skýr pólitísk stefna hafi verið mörkuð um m.a. um stofnun miðhálandisþjóðgarðs.

Viðbrögð Landsnets: Bent er á að í umhverfisskýrslu er fjallað um samræmi milli kerfisáætlunar við stefnu stjórnvalda og þar kemur fram að valkostir hálandislínu séu ekki í samræmi við stefnu stjórnvalda hvað varðar línulagnir á hálandinu.

ROE tekur fram að skv. 2. tl. 7. málsgreinar reglugerð nr. 870/2016 um kerfisáætlun skal í langtímaáætlun setja fram upplýsingar um það hvernig valkostur fellur að stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku. Að mati ROE, gerir Landsnet það með fullnægjandi hætti. Að mati ROE er spurning hagsmunaaðila engu að síður réttmæt. ROE bendir á að Landsnet leggur fram hálandisleiðir sem raunhæfa valkosti um þróun flutningskerfisins umfram 10 ára áætlun í langtímaáætlun. ROE bendir á að það sé ekki hlutverk raforkueftirlits Orkustofnunar að fara yfir og samþykka eða hafna áætlunum utan tímaramma kerfisáætlunar. ROE leggur þó til að í næstu langtímaáætlun og framvegis séu einungis lagðir fram valkostir sem fyrirtækið telur raunhæft að falli innan lagaramma og stefnu stjórnvalda hverju sinni.

Viðskiptavinur gerir athugasemd við svar Landsnets við umsögn hagsmunaaðila með bréfi til Orkustofnunar dagsett 18.11.2020 og bendir á að í umsögn Landsnets um stefnu stjórnvalda sé lagt til efnisatriði í 7. tl. í stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfisins; "Landsnet gerir athugasemdir við að ekki séu skilgreind markmið fyrir afhendingaröryggi í tillögunni eða sett fram viðmið með skýrari hætti. Landsnet leggur því til að sett verði eftirfarandi tímasett markmið í 7. tl.:

Að allir afhendingarstaðir í meginflutningskerfinu verði árið 2030 komnir með tengingu sem tryggi að rof á stakri einingu<sup>1</sup> valdi ekki takmörkunum á afhendingu eða afhendingarrofi.

Að allir afhendingarstaðir í svæðisbundnum hlutum flutningskerfisins verði árið 2040 komnir með tengingu sem tryggi að rof á stakri einingu<sup>1</sup> valdi ekki takmörkunum á afhendingu eða afhendingarrofi Fram að þeim tíma sé leitast við að tryggja afhendingaröryggi fyrir svæðisbundin flutningskerfi með afli innan svæðis.

<sup>1)</sup> Með einingu er ekki átt við spennistöð eða tein.

Viðskiptavinur gerir einnig athugasemd við að grein 7. í þingsályktunartillögu 179/2018 hafi verið sett inn að tillögu Landsnets, án þess að farið hafi verið í gegnum umsagnarferli til hagsmunaaðila og að Orkustofnun hljóti að gera kröfu til Landsnets, að þjóðhagslegt mat á markmiðunum hér að ofan fari fram og niðurstaða þess mats verði borin undir Landsnet og viðskiptavini Landsnets.

Viðbrögð LN: Landsnet fylgir stefnu stjórnvalda og telur það ekki vera skyldu Landsnets að framkvæma hagkvæmnimat á því að fylgja eftir stefnunni.

ROE tekur ekki undir með Landsneti að það sé ekki skylda fyrirtækisins að framkvæma hagkvæmnimat á því að fylgja eftir stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis.

Í 7. tl kafla A. þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku nr. 26/148 kemur eftirfarandi fram:

„...Allir afhendingarstaðir í meginflutningskerfinu skulu árið 2030 vera komnir með tengingu sem tryggi að rof á stakri einingu valdi ekki takmörkunum á afhendingu eða afhendingarrofi.

Allir afhendingarstaðir í svæðisbundnum hlutum flutningskerfisins skulu árið 2040 vera komnir með tengingu sem tryggi að rof á stakri einingu valdi ekki takmörkunum á afhendingu eða afhendingarrofi. Fram að þeim tíma skal leitast við að tryggja afhendingaröryggi fyrir svæðisbundin flutningskerfi með afli innan svæðis.“

Í ákvörðunarbréfi Orkustofnunar um kerfisáætlun 2019-2028, dags. 12.2.2020, kemur fram að stofnunin telur ekki ljóst hvort takmarkað N-1 fullnægi þeim kröfum sem þingsályktunartillagan geri um uppbyggingu flutningskerfisins, en tekur undir með athugasemd hagsmunaaðila við kerfisáætlun 2019-2028 um að með afli innan svæðis sé hægt að bæta afhendingaröryggi til muna og vísar í skýrslu Landsnets um flutningskerfi Vestfjarða (2019) þar sem fram kemur að varaafsstöð á Bolungarvík hafi bætt afhendingaröryggi til muna. Því kunnir að vera að aðrir valkostir en fullt N-1-kerfi geti reynst raunhæfir kostir til framtíðar að því tilskyldu að slíkt fyrirkomulag tryggi að markmið um

afhendingaröryggi séu uppfyllt á sama tíma og markmið um hagkvæmt og skilvirkt flutningskerfi til allra raforkunotenda séu uppfyllt.

ROE ítrekar þessa skoðun og telur einnig að ekki sé fólgið í 7. tl. kafla A. Þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku nr. 26/148, að einungis N-1 tengingar með flutningslínunum komi til greina til að uppfylla þá kröfu að "rof á stakri einingu valdi ekki takmörkunum á afhendingu eða afhendingarrofi". Að mati ROE gæti tenging við varaafll uppfyllt kröfuna, ef það kemur í veg fyrir takmarkanir á afhendingu eða afhendingarrofi. Að mati ROE geta einnig gætu samningar um skerðanlegan afhendingu hugsanlega komið til greina á afhendingarstöðum ef það sé metið þjóðhagslega hagkvæmari valkostur en N-1 tenging með flutningslínu.

ROE bendir á að skv. 1. gr. gildandi raforkulaga skal stuðla að þjóðhagslega hagkvæmu raforkukerfi auk þess kemur fram í 9. gr. að flutningsfyrirtækið skuli byggja flutningskerfið upp á hagkvæman hátt að teknu tilliti til öryggis, skilvirkni, áreiðanleika afhendingar, gæða raforku og stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku.

ROE túlkar þessi ákvæði raforkulaga á þann hátt að það sé einmitt skylda Landsnets að meta framlagða valkosti sína með tilliti til bæði þjóðhagslegrar hagkvæmni og stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku. Í því er fólgið að framkvæma hagkvæmnismat á þeim valkostum sem uppfylla áherslur í stefnu stjórnvalda.

Hagsmunaaðilar lýsa áhyggjum af fyrirhuguðum gjaldskrárhækkunum vegna uppbyggingar flutningskerfisins og samkeppnishæfni Íslands fyrir orkufrekan iðnað sem og gagnavera vegna þess. Auk þess sé tiltekin rekstraráhætta til staðar fyrir flutningsfyrirtækið, komi til gjaldþrots stórs kaupanda raforku.

Viðbrögð LN: Landsnet svarar þessu svo að fyrirtækið sé meðvitað um stöðuna en bendir á flutningskostnaður sé í sögulega lágmarki, öryggi í flutningskerfinu muni aukast, nýjar fjárfestingar geti haft áhrif á verð fyrir flutnings til skamms tíma en að til lengri tíma séu sett markmið um stöðugleika í gjaldskrá og viðmið um þær sem líkur séu á að standist til lengri tíma.

Að mati ROE er svar Landsnets við athugasemd hagsmunaaðilanna fullnægjandi

Hagsmunaaðili bendir á að mælikvarði Landsnets um *hlutfallslega afhendingargetu* og ályktun um áhrif hennar á launahækkunir (sem ígildi hagvaxtar) leiði til ofmats á gildi hennar til að meta áhrif framkvæmda í flutningskerfinu á hagvöxt, þar sem aðrar breytur hafi einnig haft áhrif á mat á launaþróun tiltekinna staða á Íslandi.

Viðbrögð LN: Landsnet vísar meðal annars til þess í svari sínu við athugasemdinni að margar fræðigreinar sýni fram á að aðgengi að orku leiði til atvinnutækifæra en takmörkuð viðbótaraafhendingargeta hægi á hagvexti til lengri tíma.

ROE telur að ályktun og svar Landsnets um að aðgengi að orku hafi jákvæð áhrif á hagvöxt sé studd rökum að hluta til, sjá sjá nánar í kaflanum „Umsögn og mat á kerfisáætlun 2021-2029“.

Viðskiptavinir kalla eftir því að komið sé á fyrirkomulagi fyrir „meðferð“ flöskuhálsa sem feli í sér kostnaðarlegan hvata fyrir Landsnet til að bæta kerfið. Bent er á ákveðið fyrirkomulag í gjaldskrá til að takast á við flöskuhálsa í flutningskerfinu á hinum Norðurlöndunum s.s. með efnahagslega skilvirkum hvötum.

Viðbrögð LN: Stefnt er að því að opna heildsölumarkað fyrir raforku á Íslandi og er þetta fyrirkomulag því ekki til skoðunar. Tekið er þó undir að betra væri að hafa eitthvað af þessu tagi til að bregðast við óæskilegra áhrifa flöskuhálsa á viðskipti með raforku.

ROE telur að svar Landsnet sé ekki að öllu leyti fullnægjandi og spurði því frekar í bréfi til Landsnets, dags. 29.1.2021 hvenær áformað væri að opna heildsölumarkað með raforku, en fékk ekki fullnægjandi svör við fyrirspurn sinni, sjá nánar í kaflanum „Umsögn og mat á kerfisáætlun 2021-2029“.

Hagsmunaaðilar telja að gjaldskrárumhverfi Landsnets og áætlanir um uppbyggingu flutningskerfisins til lengri tíma, meðal annars með tilliti til hagkvæmrar nýtingar kerfisins, sé ófullnægjandi og bæta megi kerfisnýtingu og rekstraröryggi flutningskerfisins með því að nýta eiginleika gagnavera sem raforkunotenda. Í því samhengi er m.a. bent á að skerðanlegur flutningur virðist ekki vera valkostur við uppbyggingaráform í flutningskerfinu.

Viðbrögð LN: Landsnet setur fram að umræða um gjaldskrárumhverfið og staðsetningarhvata eigi heima í samráðshópi fyrirtækisins / viðskiptamannaráði, og að uppbygging flutningskerfisins svo sem N-1 tengingar séu í samræmi við stefnu stjórnvalda. Jafnframt er tekið fram að Landsneti sé „kunnugt um að unnt sé að bæta nýtingu flutningskerfa með markaðslausnum“ sem hægt sé að vinna að.

ROE telur að Landsnet hafi svarað hagsmunaaðilanum með fullnægjandi hætti að hluta til með því að leiðbeina honum um hvar og hvernig megi ræða athugasemdina frekar. ROE bendir þó Landsneti á að stefna stjórnvalda og áhrif á gjaldskrá eru sem slík hluti af upplýsingum sem fram koma um boðaðar framkvæmdir fyrirtækisins og þar með hluti af kerfisáætlun. Sjá einnig næstu athugasemd og athugasemdir ROE í kaflanum „Umsögn og mat á kerfisáætlun 2021-2029“.

Hagsmunaaðilar (annar þeirra er einnig viðskiptavinur) koma á framfæri athugasemdum um hagræna stýringu í flutningskerfinu. Annar telur að skýra eigi betur í kerfisáætlun hvernig samspil stýranlegrar orkuvinnslu eins og vatnsafls verði háttað í tengslum við tengingu vindorkuvera, bæði hvað varðar hugsanlegar kvaðir í viðskiptaskilmálum og svo verðskrá. Hinn bendir á að álagi í flutningskerfinu megi stjórna betur með stjórnækjum eins og verðstýringum eða rafgeymslustöðvum.

Viðbrögð LN: Landsnet svarar þessum athugasemdum með því að ekki sé búið að útfæra markað með raforku sem taki mið af aukinni framleiðslu hennar með vindorku. Auk þess sé ekki að finna í kerfisáætlun lýsingu á kvöðum á aðra framleiðendur vegna framleiðslu á vindorku, auk þess sem hönnun á útfærslu markaðar þar sem rafmagn er framleitt með vindorku, sé ekki „einkamál Landsnets“. Fyrirtækið bendir á að fylgst sé með tæknilausnum sem gera því kleift að bæta stýringu í kerfinu s.s. með snjallneti og að nú þegar er beitt stýringu í formi skerðanlegs flutnings.

ROE telur að Landsnet hafi svarað hagsmunaaðilanum með fullnægjandi hætti en bendir á nánari í kaflanum „Umsögn og mat á kerfisáætlun 2021-2029“.

Hagsmunaaðili varpar fram spurningu um hvort að hvort að „væntanleg gjaldskrárhækkun sé aðallega herkostnaður vegna stóriðju“ af hálfu Landsnets en þar er bent á að boðaðar eru hækkningar á almenna notendur í langtímaáætlun kerfisáætlunar.

Viðbrögð LN: Landsnet svarar þessari spurningu þannig að stórnotendur hjálpi „almennum notendum til við að greiða fyrir meginflutningskerfið“ og að fjárfestingar fyrir almenna notendur séu að mestu vegna fjárfestinga í landshlutakerfum, auk fjárfestinga sem bæta afhendingaröryggi og afhendingargæði almennra notenda.

ROE telur að Landsnet hafi svarað hagsmunaaðilanum með fullnægjandi hætti.

Tveir hagsmunaaðilar, þar sem annar er jafnframt viðskiptavinur Landsnets, benda á að þeir telji fjárhagslegar forsendur kerfisáætlunar brostnar vegna minni flutnings og breytinga hjá

stórnotendum. Nánar kemur fram að fjárhagsleg staða núverandi viðskiptavina meðal stórnotenda sé slæm, sneitt sé kerfisbundið framhjá hagkvæmustu og umhverfisvænstu lausnunum, að varaafstöðvar séu ekki teknar með í í valkostagreiningum og að í sviðsmyndagreiningu flutningsfyrirtækisins vanti möguleikann á að flutningur á raforku minnki. Auk þessa telur hagsmunaaðilinn að ábyrgð á forsendum um kerfisáætlun sé óljós og Landsnets sé með kerfisáætlun í raun að sinna sértækri hagsmunagæslu fyrir einn framleiðanda raforku þar sem framkvæmaáætlunin hafi í för með sér að þessi aðili njóti góðs af fyrirhuguðum framkvæmdum umfram aðra notendur sem þó þurfi að greiða fyrir fyrirhugaðar framkvæmdir í formi hærri gjaldskrár fyrir flutning á raforku. Að lokum gerir hagsmunaaðili það að tillögu sinni að flutningur á raforku sé settur á fjárlög.

Viðbrögð LN: Landsnet gerir grein fyrir því í svari sínu að fyrirtækið fylgi stefnu stjórnvalda svo sem með því að fjárfesta í innviðum til að vinna gegn hagrænum áhrifum niðursveiflu í hagkerfinu og mæta kröfum um aukið raforkuöryggi. Landsnet upplýsir hagsmunaaðilann um að fyrirtækið fylgist með stöðu markaða þar sem árleg uppfærsla kerfisáætlunar sé lögbundin en fyrirtækið geri sér grein fyrir að kostnaður við flutningskerfið geti hækkað umtalsvert fyrir neytendur en verði á (föstu verðlagi), gangi spár eftir, aldrei jafn hár og árin 2008 og 2012 en kostnaður við flutningskerfið hafi verið sögulega lágur sl. ár. Varðandi athugasemd hagsmunaaðilans um varaafli bendir Landsnet á að það hentar ekki undir öllum kringumstæðum og komi ekki til álita þegar vantar afhendingargetu og að fyrirtækið geri vistferilsgreiningar við mat sitt á valkostum við uppbyggingu kerfisins. Landsnet bendir á að forsendur kerfisáætlunar séu byggðar á raforkuspá sem orkusparnefnd Orkustofnunar gefi út en tekur að öðru leyti undir að skoðað verði hvort og þá hvaða hlutverk hagsmunaráð fyrirtækisins hafi við gerð kerfisáætlunar. Landsnet bendir á í svari sínu að þeir sem njóta ábata, greiða ekki fyrir hann í núverandi regluverki.

ROE telur að Landsnet hafi ekki svarað hagsmunaaðilanum með fullnægjandi hætti, sjá nánar athugasemdir í kaflanum „Umsögn og mat á kerfisáætlun 2021-2029“.

Viðskiptavinur gerir athugasemd við að rökstuðningi fyrir uppbyggingarvalkostinum B.2. í kerfisáætlun sé áfátt. Sérstaklega er þar tekið fram að fjalla þurfi betur um ávinning, kostnað, forsendur fjárfestinganna sem lagðar eru til og áhrif þeirra á flutningsgjaldskrána. Í þessu samhengi telur viðskiptavinurinn enn fremur að gera þurfi betur grein fyrir áhrifum þess að leggja fram uppbyggingarvalkostinn B.2 á aðra valkosti sem eru settir fram í langtímaáætlun kerfisáætlunar.

Viðbrögð LN: Landsnet lýsir því að með því að flýta byggingu nýrrar línu frá Hvalfirði til Hrutafjarðar sé verið að færa sig í „átt“ að valkostum B.1 og B.2 sem komi til af miklum áhuga á framleiðslu á raforku á Vesturlandi. Áhrif framkvæmda á kostnað séu sýnd í gegnum upplýsingar sem koma fram í

gegnum kerfisáætlun og „ógerningur“ sé að sýna áhrifin af hverri framkvæmd og í raun sé umræða um arðsemina ekki til umfjöllunar í kerfisáætlun.

ROE telur að Landsnet hafi ekki svarað hagsmunaaðilanum með fullnægjandi hætti, sjá nánar í kaflanum „Umsögn og mat á kerfisáætlun 2021-2029“.

Hagsmunaaðili óskar eftir upplýsingum um hvort til sé hagkvæmnismat á því hver kostnaður er við mismunandi gildi áreiðanleikastuðla og telur eðlilegt að rökstyðja þessar kröfur betur með slíku mati.

Viðbrögð LN: Sérfræðingar Landsnets fullyrða að ekki sé hægt að framkvæma hagkvæmnimatið svo marktækt sé, þar sem óvissuþættirnir séu of margir, stórir og mikilvægir. Ítrekað er að hönnunarkröfur Landsnets fyrir nýjar flutningslínur gera ekki ráð fyrir að þær standi af sér öll hugsanleg veður eða náttúruhamfarir. Einnig geta komið mörg ár í röð þar sem gömul lína í slæmu ástandi verður ekki fyrir neinum truflunum vegna hagstæðra veðurskilyrða. Ekki er hægt að reikna stuðlana í reglugerð 1048/2004 fyrir framtíðina, því hefur Landsnet ávallt sett sér markmið um þá, en ekki lagt fram spár um hvernig þeir munu verða.

ROE telur ósk hagsmunaaðila áhugaverða og telur að vert sé að skoða möguleika til að gera slíkt hagkvæmnimat. ROE bendir á að Landsnet hefur reiknað áhrif framkvæmda á áreiðanleikastuðla t.d. í valkostagreiningu Hólasandslínu 3 í kerfisáætlun 2018-2027. Einnig bendir ROE á að í framkvæmdaáætlun 2020-2029 eru greiningar á áhrifum valkosta á áreiðanleikastuðla.

Hagsmunaaðili lýsir áhyggjum af lélegu afhendingaröryggi á Suðurlandi, en þar sé mikið straumleysi miðað við allt landið, auk þess sé lítil tiltæk afhendingargeta sem hamli byggða- og atvinnuþróun. Þá telur hagsmunaaðili að stækka þurfi spennu við Búrfellsvirkjun.

Viðbrögð LN: Tekið er undir athugasemdina og greinilega sé um kerfisbundinn vanda að ræða þegar skoðaðar eru forgangsorkuskerðingar. Þegar eru framkvæmdir á framkvæmdaáætlun og vonir standa til að að skerðingar minnki umtalsvert á næstu árum. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvaða leið skuli fara til að styrkja vestari hluta Suðurlandsins.

Eignarhald á spennum við Búrfellsvirkjun er óheppileg og í gangi eru greiningar sem varða framtíðarfyrirkomulag spennustigs í og út frá Búrfelli.

ROE tekur undir með hagsmunaaðila og Landsneti og bendir Landsneti á möguleika á notkun færanlegs varaafis til að sporna gegn straumleysi á svæðinu, einnig hvetur ROE til að leyst sé úr vandamálum tengdum eignarhaldi og spennustigi ef þau hafa slæm áhrif á möguleika til raforkuflutnings á svæðinu.

Viðskiptavinur kallar eftir gögnum sem styðja mat á núverandi aflgetu í flutningskerfinu og nauðsyn þess að halda kostnaði í lágmarki. Hann telur að gott væri að fá nánari upplýsingar um hvað háir hverri staðsetningu þannig að hægt sé að fá betri hugmynd um hvort það séu flöskuhálsar, sniðmörk, spennuvandamál eða annað sem takmarka aukningu á aflgetu.

Viðskiptavinur fagnar að Landsnet hefur sagst ætla að taka til athugunar að skýra betur ástæður þess hvað veldur því að aflgetu skortir á tilteknum stöðum.



Viðbrögð LN: Sú vinna sem þarf vinna til að birta ítarlegar útskýringar yfir ástæður afhendingargetu þarf að bíða til næstu kerfisáætlunar.

ROE tekur undir athugasemd og svar Landsnets og hvetur til Landsnet að koma umræddum upplýsingum í næstu kerfisáætlun.

Hagsmunaaðili leggur áherslu á að halda kostnaði í lágmarki og segist tilbúinn að aðstoða við stöðugleikastýringu.

Viðbrögð LN: Fyrirtækið er reiðubúið í samtal um stöðugleikastýringu flutningskerfisins.

ROE telur afar jákvætt að Landsnet skoði mögulegar lausnir til að auka skilvirkni í samráði við hagsmunaaðila og óskar eftir að Landsnet sendi ROE upplýsingar um niðurstöðu þessa samtals fyrir framlagningu næstu kerfisáætlunar.

Hagsmunaaðili telur mikilvægt að tekið sé tillit til þarfa gagnavera við gerð og útfærslu kerfisáætlunar og og bendir á möguleika á að nýta eiginleika gagnavera sem notanda til að bæta kerfisnýtingu og rekstraröryggi.

Viðbrögð LN: Fyrirtækið hefur áhuga á að skoða lausnir á þessu sviði með hagsmunaaðila.

ROE telur afar jákvætt að Landsnet skoði mögulegar lausnir í samráði við hagsmunaaðila og óskar eftir að Landsnet sendi ROE upplýsingar um niðurstöðu þessa samtals fyrir framlagningu næstu kerfisáætlunar.

Hagsmunaaðili telur mikilvægt að tekið sé tillit til samningsbundinna skerðingarákvæða, þannig sé hægt að auka nýtni kerfa verulega án viðbótar fjárfestinga í innviðum.

Viðbrögð LN: Fyrirtækið hefur áhuga á að vinna að slíkum lausnum.

ROE tekur undir þessa athugasemd og viðbrögð Landsnets og telur mikilvægt að Landsnet vinni að slíkum lausnum og óskar eftir umfjöllun um það í næstu kerfisáætlun.

#### **4 Umsögn og mat á kerfisáætlun 2021-2029**

ROE hefur yfirfarið kerfisáætlun til þess að kanna hvort áætlunin uppfylli þau skilyrði sem gerð eru til kerfisáætlunar skv. raforkulögum nr. 65/2003 og reglugerð um kerfisáætlun nr. 870/2016. Samkvæmt 2. málsli. 1. mgr. 9. gr. b. raforkulaga er ROE heimilt að krefjast þess að flutningsfyrirtækið geri breytingar á kerfisáætlun eftir því sem stofnunin telur þörf á.

Við yfirferð kerfisáætlunar hefur ROE lagt sjálfstætt mat á kerfisáætlunina og eftir atvikum óskað eftir skýringum sem stofnunin taldi nauðsynlegt að lægju fyrir áður en unnt var að taka ákvörðun um samþykkt eða synjun kerfisáætlunar. Þetta gerði ROE með því að óska sérstaklega eftir upplýsingum um ákveðna þætti kerfisáætlunar skriflega og/eða munnlega á fundum sem haldnir voru með Landsneti.

Hér fyrir neðan er samandregin umfjöllun um helstu atriði sem ROE taldi að þyrftu nánari skýringa eða breytinga og mat stofnunarinnar á viðbrögðum Landnets vegna þeirra.

Við yfirferð Orkustofnunar á kerfisáætlun 2019 - 2028 samþykkti stofnunin beiðni Landsnets um að verkefnið „Styrking á suðurfjörðum Vestfjarða“ yrði ekki sett á framkvæmdaáætlun fyrir en með kerfisáætlun 2020 – 2029. Áréttað var í ákvörðunarbréfi nauðsyn þess að í þeirri kerfisáætlun lægju fyrir aðalvalkostir framkvæmda sem nauðsynlegir eru á Vestfjörðum sem og í öðrum landshlutum þar sem afhendingaröryggi er óviðunandi. Framkvæmdin er í framkvæmdaáætlun kerfisáætlunar 2020-2029.

Í ákvörðunarbréfi Orkustofnunar um kerfisáætlun 2019 - 2028 óskaði stofnunin eftir að við gerð næstu kerfisáætlunar yrði Landsnet búið að gera opinberar verklagsreglur sem eru gegnsæjar og án mismununar er lúta að mati á tengingum nýrra virkjunaraðila og sendi Orkustofnun til staðfestingar í samræmi við 23. gr. tilskipunar 2009/72/EC.

Þetta hefur ekki verið gert og ROE ítrekar þessa beiðni.

Í ákvörðunarbréfi Orkustofnunar um kerfisáætlun 2019 - 2028 óskaði stofnunin eftir því að flutningsfyrirtækið geri í næstu kerfisáætlun grein fyrir því hvort fjárfesting í flutningskerfinu til að verða við orkuskiptum í fiskimjölsverksmiðjum, skili sér til baka í flutningsgjöldum af raforku til slíkra verksmiðja, þó stofnunin tæki undir með Landsneti að fyrirtækið væri bundið af stefnu stjórnvalda.

Þetta hefur ekki verið gert og ROE ítrekar þessa beiðni.

Í ákvörðunarbréfi Orkustofnunar um kerfisáætlun 2019 - 2028 óskaði stofnunin eftir því að Landsnet meti líftímakostnað allra framkvæmda og valkosta í kerfisáætlun og óskaði eftir að Landsnet fjalli um það í næstu kerfisáætlun.

Þetta hefur ekki verið gert og ROE ítrekar þessa beiðni.

Þann 22. maí 2020 barst ROE erindi með tölvupósti frá Landsneti þar sem fram kemur að það sé mikilvægt fyrir Landsnet að vita hvort OS meti að verkefnið Suðurnesjalína 2 þurfi að fá nýtt framkvæmdaleyfi ef breyting verður á verkefninu frá samþykktari kerfisáætlun 2019-2028 sem fólgin er í að velja valkost E í umhverfismatsskýrslu í stað aðalvalkosta.

ROE fór yfir erindið sem og innsendar skýringar sem það óskaði eftir í kjölfarið og hélt einnig fundi með Landsneti og hagsmunaaðilum. Þann 22. september 2020 sendi ROE síðan Landsneti svar við fyrirspurninni þar sem fram kemur að ROE telji skýringar Landsnets fullnægjandi, en taki ekki formlega afstöðu til málsins að svo stöddu þar sem ekki er um formlegt erindi að ræða, heldur bendir á að ef til stendur að gera teljandi breytingar á framkvæmdum þarf að uppfæra verkefnislýsingu í kerfisáætlun í samræmi við kröfur í 6.tl. í 6.gr.reglugerðar 870/2016. Í framkvæmdaáætlun kerfisáætlunar 2020-2029 kemur ekki fram lýsing á breytingum frá samþykktari kerfisáætlun 2019-2028.

Í bréfi ROE dagsett 23.12.2020 voru gerðar nokkrar fyrirspurnir varðandi kerfisáætlun:

*Nýr afhendingarstaður í Ísafjarðardjúpi*

Óskað var eftir því að Landsnet rökstyddi forgang og tímasetningu fyrir byggingu nýs afhendingarstaðar í Ísafjarðardjúpi, þar sem fyrirséð er að ekki hefur verið tekin

ákvörðun um byggingu Hvalárvirkjunar og af þeim sökum er ekki augljóst að þessi framkvæmd eigi heima í framkvæmdaáætlun kerfisáætlunar. Bent var á að í öðrum tl. 2. mgr. 9. gr. a, laga nr. 65/2003 kemur fram að í framkvæmdaáætlun kerfisáætlunar skuli sýna „ákvæðanir um fjárfestingar í flutningskerfinu sem hafa þegar verið teknar“.

Viðbrögð LN: Í svarbréfi Landsnets kemur fram að tímasetning verkefnisins sé háð tengingu Hvalárvirkjunar við flutningskerfið, en hægt hefur verið á undirbúningi þeirrar framkvæmdar. Verkefninu verði seinkað í uppfærðri framkvæmdaáætlun kerfisáætlunar um eitt ár, eða til ársins 2023.

ROE samþykkti þessa breytingu og óskaði enn fremur eftir að Landsnet tilkynni ROE um þegar fyrirtækið telur að skilyrðum og fyrirvörum framkvæmdarinnar hefur verið fullnægt. Uppfæra þarf og rökstyðja breytingar á tímaáætlun tengingarinnar í næstu kerfisáætlun, eigi það við.

#### *Færanlegt varaafll*

ROE benti á að enga umfjöllun er að finna í kerfisáætlun um verkefnið "færanlegt varaafll" sem Landsnet er að vinna að um þessar mundir samkvæmt upplýsingum frá Landsneti. Að mati ROE er um mikilvægt verkefni að ræða til að uppfylla markmið um raforkuöryggi og óskar ROE eftir umfjöllun um verkefnið í framkvæmdaáætlun kerfisáætlunar 2020-2029.

Viðbrögð LN: Landsnet bætti við lýsingu á verkefninu "Færanlegt varaafll í framkvæmdaáætlun kerfisáætlunar.

ROE samþykkti þessa breytingu á kerfisáætlun.

#### *Ísallína 3*

ROE benti á að í tillögu að matsáætlun um Lyklafellslínu 1 og Ísallínu 3 kemur fram að Ísallína 3 verði til umfjöllunar í kerfisáætlun 2021-2030 og spurt hvenær er áformað að hefja framkvæmdir við Ísallínu 3 og hvers vegna er Ísallína 3 ekki til umfjöllunar í langtímaáætlun eða framkvæmdaáætlun kerfisáætlunar 2020-2029?

Viðbrögð LN: Bætt var við lýsingu á verkefninu Ísallína 3 í framkvæmdaáætlun kerfisáætlunar.

ROE samþykkti þessa breytingu á kerfisáætlun.

#### *Blöndulína 3 - niðurrif Rangárvallalínu 1*

Í umfjöllun um aðalvalkost Blöndulínu 3 í framkvæmdaáætlun kerfisáætlunar kemur fram að hluti framkvæmdarinnar sé fólgin í niðurrifi Rangárvallalínu 1 og byggingu nýs tengivirkis auk lagningu á nýjum jarðstreng.

ROE bendir á að rökstuðningur fyrir nauðsyn þess að rífa niður Rangárvallalínu 1 og byggingu nýs tengivirkis auk lagningu á nýjum jarðstreng kemur ekki fram í umfjöllun um framkvæmdina og óskar eftir að bætt verði úr því.

Viðbrögð LN: Landsnet bætti við lýsingu á verkefninu *Blöndulína 3* í framkvæmdaáætlun kerfisáætlunar.

ROE samþykkti þessa breytingu á kerfisáætlun.

#### *Framkvæmdin Hvalfjörður - Hrútafjörður - Ný tenging*

ROE gerði athugasemdir við framkvæmdina Hvalfjörður - Hrútafjörður og áttu sér stað samskipti milli ROE og Landsnets vegna framkvæmdarinnar. Í fylgiskjali á heimasíðu Orkustofnunar eru þau samskipti rakin. ROE fór fram á að Landsnet setji í umfjöllun um framkvæmdina í framkvæmdaáætlun fyrirvara um flýtingu framkvæmdarinnar. Enn fremur þurfi að taka fram að ROE verði upplýst skriflega um þegar fyrirvörum um framkvæmdina hefur verið aflétt og þar komi fram rökstuðningur fyrir þeirri niðurstöðu þannig að ROE geti tekið ákvörðun um hvort að fyrirvörum við framkvæmdina hafi verið fullnægt.

Viðbrögð LN: Landsnet varð við þessari kröfu og uppfærði kerfisáætlun þann 5.3.2021.

ROE samþykkti þessa breytingu á kerfisáætlun.

Í bréfi sínu dags. 13.1.2021 upplýsir Landsnet að verkefninu "Fitjar" hafi verið seinkað um tvö ár, vegna tímabundins samdráttar í stórnotkun á svæðinu.

Viðbrögð LN: Landsnet hefur uppfært framkvæmdaáætlun.

ROE gerir ekki athugasemd við seinkunina en óskar eftir að vera upplýst um hvort og þá hvenær forsendur breytast.

ROE fer enn fremur fram á að í næstu kerfisáætlun sé gerð skýrari og á fullnægjandi hátt verði bætt úr framsetningu hennar í eftirfarandi atriðum:

Lögbundinn viðmið liggja fyrir um forsendur uppbyggingar í flutningskerfinu sem meðal annars byggja á hagkvæmni. Sé vikið frá slíkum sjónarmiðum og ráðist er í framkvæmdir vegna „efnahagssamdráttar“ eða stefnu stjórnvalda sem veldur því að notendur flutningskerfisins greiði hærra gjald en ella vegna slíkra ráðstafana, á að gera grein fyrir kostnaði vegna þess í kerfisáætlun. Af þeim sökum er ekki fullnægjandi að Landsnet vísi í aðgerðaáætlun stjórnvalda og því er þess krafist að upplýsingar í kerfisáætlun um forsendur, umfang og áhrif fjárfestinga séu að fullu gagnsæjar, rekjanlegar og skiljanlegar lesendum hennar. Í því skyni verði fjárfestingar flokkaðar með þetta í huga í sérstöku yfirliti í næstu kerfisáætlun, komi þær til af öðrum ástæðum en hagkvæmnisástæðum.

Aðdragandi stórra framkvæmda á framkvæmaáætlun á að vera í samhengi við langtímaáætlanir fyrirtækisins. Það er því ekki ásættanleg framsetning að stórar framkvæmdir „detti inn í“ langtímaáætlun og svo framkvæmdaáætlun árið eftir án fullnægjandi rökstuðnings og/eða með fullnægjandi aðdraganda.

Flutningsfyrirtækinu ber að byggja upp og starfrækja flutningskerfið á skilvirkan og hagkvæman hátt. Í kerfisáætlun er slegið úr og í með að beita hagrænum stýringum í meira mæli en nú er gert m.a. til að fást við „álagstoppa“ í flutningskerfinu. ROE hvetur Landsnet til að gera grein fyrir samspili þess fyrirkomulags sem gildir hverju sinni um hagrænar stýringar í flutningskerfinu og þeirra uppbyggingaráforma sem fyrirhuguð er. Og þá hvort og hvernig samspilinu þarna á milli er háttað þannig að ráðstöfun auðlinda sé skilvirk og hagkvæm. Þetta þarf að vera hluti af og/eða tengjast inn í valkostagreiningu næstu framkvæmdaáætlunar í kerfisáætlun.

Landsnet er hvatt til að halda áfram að þróa aðferðafræði við að meta umhverfiskostnað mismunandi valkosta að því marki sem rúmast innan ramma kerfisáætlunar, en eins og kunnugt er fer fram sérstakt umhverfismat á framkvæmdum þegar þær hafa hlotið samþykki ROE í kerfisáætlun. Í þessu skyni er sérstaklega bent á mat á sjónrænum áhrifum loftlína enda eru sjónræn áhrif loftlína hluti af valkostagreiningu í kerfisáætlun, þar sem framkvæmdir eru metnar í samræmi við stefnu stjórnvalda um línulagnir. Með því að meta sjónræn áhrif línulagna með hagrænu mati, fæst að mati ROE, hlutlæ加里 mælikvarði á samræmi fyrirhugaðra línulagna við stefnu stjórnvalda en nú er. Að þessu sögðu er þess krafist að mat á sjónrænum áhrifum línulagna sé metin í valkostagreiningu framkvæmdaáætlunar í næstu kerfisáætlun.

ROE bendir á að mælikvarðinn um *hlutfallslega afhendingargetu* er gagnlegur til að gera lesendum kerfisáætlunar grein fyrir hver rýmdin er og verði í flutningskerfinu og hvað má áætla að langur tími líði þar til að bæta þurfi hana að nýju. ROE krefst þess að þessar upplýsingar verði settar fram fyrir kerfishluta í næstu kerfisáætlun, ásamt gögnum sem styðja mat á núverandi aflgetu og nánari upplýsingar um hvað háir hverri staðsetningu þannig að hægt sé að fá betri hugmynd um hvort það séu flöskuhálsar, sniðmörk, spennuvandamál eða annað sem takmarkar aukningu á aflgetu.

ROE bendir á að í stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis kemur ekki fram að einungis fullt N-1 komi til greina til að viðhalda ásættanlegu afhendingaröryggi, og bendir ROE í því samhengi á að ávallt þurfi að veða saman kröfur um hagkvæmni og afhendingaröryggi og leita hagkvæmstu leiða til þess.

ROE bendir á að ekki er rétt að tímasetja einstakar framkvæmdir í framkvæmdaáætlun út frá sviðsmyndum um hugsanlega litla eða mikla aukningu á raforkuþörf í framtíðinni. ROE hvetur því til að einungis sé vísað í raforkuspá, en ekki "raforkuspá og sviðsmyndir" þegar framkvæmdir eru rökstuddar.

ROE hvetur Landsnet til að nota skýrt orðalag og hnitmiðaðan rökstuðning fyrir markmiðum framkvæmda og að tímasetningar séu í samhengi við markmið framkvæmda.

## **5 Ákvörðun ROE**

ROE hefur farið yfir kerfisáætlun 2020-2029, bréf og fylgigögn eins rakið hefur verið hér að framan. Að mati stofnunarinnar hefur Landsnet brugðist vel við athugasemdum og óskum ROE um breytingar og skýringar á einstökum þáttum kerfisáætlunar og einnig hefur fyrirtækið leitast við að svara athugasemdum og umsögnum hagsmunadila og viðskiptavina fyrirtækisins

Samkvæmt 2. mgr. 9. gr. b. raforkulaga nr. 65/2003 hefur Orkustofnun það hlutverk að fara yfir og samþykkja kerfisáætlun Landsnets með hliðsjón af markmiðum um öryggi, skilvirkni, áreiðanleika afhendingar, hagkvæmni, gæði raforku og stefnu stjórnvalda um lagningu raflína. Í 6.-8. gr. reglugerðar nr. 870/2016 um kerfisáætlun fyrir uppbyggingu fyrir flutningskerfi raforku er fjallað nánar um það hvaða upplýsingar skuli vera hluti kerfisáætlunar.

Með vísan til alls framangreinds er það mat ROE, eftir að hafa yfirfarið kerfisáætlun Landsnets 2020 - 2029, að áætlunin uppfylli skilyrði 2. - 5. mgr. 9. gr. a. og 2. mgr. 9. gr. b. raforkulaga nr. 65/2003 og 6., 7. og 8. gr. reglugerðar nr. 870/2016 um kerfisáætlun fyrir uppbyggingu flutningskerfis raforku.

Ákvörðunarorð:

ROE samþykkir kerfisáætlun Landsnets 2020 – 2029.

Með vísan til 3. mgr. 9. gr. b. rafkulaga nr. 65/2003 er ákvörðun ROE um samþykki kerfisáætlunar kæranleg til úrskurðarnefndar rafkumála, sbr. 30. gr. rafkulaga nr. 65/2003.

Virðingarfyllst,

Guðmundur I. Bergþórsson



Rán Jónsdóttir



*Fylgiskjöl:* Vísað er til fylgiskjala sem birtast á vefsíðu Orkustofnunar á eftirfarandi slóð:

<https://orkustofnun.is/orkustofnun/frettir/orkustofnun-samthykkir-kerfisaaetlun-landsnets-2020-2029>